



Iðnaðarnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. desember 2002  
SP/ák


**Efni: Tillaga til þingsályktunar um neysluvatn**  
*Tilv:2002110020*

Vísað er í bréf iðnaðarnefndar Alþingis dags. 14. nóv. sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Bændasamtök Íslands taka undir það sjónarmið, sem lýst er í greinargerð með tillögunni, að hreint vatn sé mikilsverð auðlind og nauðsynlegt sé "að umgangast þessa auðlind þannig að komandi kynslóðir eigi aðgang að fersku neysluvatni í framtíðinni ...", eins og þar segir.

Samtökin eru því meðmælt þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja þessi markmið. Hins vegar leggja Bændasamtökin áherslu á, að réttur landeigenda til eðlilegrar og skynsamlegrar nýtingar vatns verði ekki skertur, og jafnframt að við alla stjórnsýslu á þessu sviði verði þess gætt, að notendum verði ekki íþyngt með leyfisveitinga- og eftirlitskerfi umfram það sem nauðsynlegt er.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands,



Sigurður Þorgeirsson